

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR****frá 2. júlí 1992****um tilnefningu móðurstöðvar fyrir Animo****(92/373/EBE)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,  
með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní  
1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskipt-  
um innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir  
til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið  
á <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun  
91/628/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 3. mgr. 20. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Framkvæmdastjórnin samþykkti 19. júlí 1991 ákvörðun  
91/398/EBE <sup>(3)</sup> um tölvuvætt netkerfi dýraheilbrigðis-  
irvalda (Animo).

Til að tryggja snurðulausa starfsemi netkerfisins skal gera  
ráð fyrir að notuð verði móðurstöð. Í því skyni sam-  
þykkti framkvæmdastjórnin 3. desember 1991 ákvörðun  
91/638/EBE <sup>(4)</sup> um tilnefningu sameiginlegrar móðurstöðv-  
ar fyrir tölvuvædda netkerfið Animo.

Móðurstöð fyrirtækisins Eurokom stenst allar tækni-  
forskriftir sem mælt er fyrir um í viðauka við ákvörðun  
91/638/EBE og veitir alla nauðsynlega tryggingu fyrir því  
að rekstur móðurstöðvarinnar geti hafist eigi síðar en 1. júlí  
1992.

Ef nauðsyn ber til verða síðar settar nánari reglur um sam-  
starf milli þessarar móðurstöðvar, framkvæmdastjórnarinn-  
ar og aðildarríkjanna í samræmi við málsmeðferðina sem  
mælt er fyrir um í 3. mgr. 20. gr. tilskipunar 90/425/EBE.

Með hliðsjón af þeim upplýsingum sem hið tilnefnda fyrir-  
tæki leggur fram, einkum um fjárhagsleg og tæknileg atriði,

ber að endurskoða þessa ákvörðun eins skjótt og auðið er ef  
erfiðleikar koma upp þegar ákveða skal hagnýta tilhögun.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í  
samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Móðurstöð fyrirtækisins Eurokom, Avenue de la Joyeuse  
Entrée 1 B-1050 Bruxelles, er tilnefnd sem sameiginleg  
móðurstöð fyrir tölvuvædda netkerfið Animo.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. júlí 1992.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ray MAC SHARRY

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 340, 11. 12. 1991, bls. 17.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 221, 9. 8. 1991, bls. 30.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 343, 13. 12. 1991, bls. 48.